

Skólasókn og ástundun

- Í 3. gr. laga um grunnskóla kemur fram að öllum börnum er skylt að sækja grunnskóla og að foreldrar gæti hagsmuna barna sinna. Einnig kemur fram í 18. og 19. gr. laganna að foreldrar beri ábyrgð á námi barna sinna og eiga þeir að fylgjast með skólagöngu þeirra og námsframvindu í samvinnu við þau og kennara þeirra. Jafnframt er greint frá því að foreldrar stuðli að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skóla-reglum.
- Skólastarf hefst 08:30 alla daga. Nemendur eiga að mæta stundvíslega í skólann.
- Fjarvistir vegna veikinda nemenda skal tilkynna strax að morgni í Mentor eða hjá ritara skólans. Nemendur sem hafa verið veikir eiga ekki að koma í skólann nema þeir séu orðnir frískir og geti stundað sitt nám og tekið þátt í frímínútum og annarri útivist.
- Geti nemandi ekki stundað sund eða íþróttir þarf að fá leyfi.
- Í 18. gr. laga um grunnskóla er greint frá því að foreldrar eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og skólagöngu barna sinna. Þannig fá þeir reglulega tölvupóst frá umsjónarkennara með upplýsingum, m.a. með einkunn fyrir skólasókn og ástundun nemenda sem skráð er í Mentor.
- Einu sinni á önn geta nemendur sótt um til umsjónarkennara að hækka skólasóknareinkunn. Þá er gerður skriflegur samningur við nemandu og fyrir hverja viku sem skólasókn hans er óaðfinnanleg fækkar punktum um 2 talsins. Samningur um bættu skólasókn er ávallt gerður í samráði við foreldra. Ekki er þó hægt að hækka einkunn meira en í 8.

Vinnuferli vegna skráninga í Mentor

- Fáir nemandi **til fyrirmyndar** í kennslustund vinnur hann sér inn +0,2 punkt og **vann vel í tímanum** gefur +0,1 punkt.
- Ef nemandi **gleymdi námsgögnum** heima (þ.m.t. íþróttá- eða sundföt) missir hann -0,5 punkt.
- Komi nemandi of **seint** í kennslustund tapast -0,5 punktur og **fjarvist** veldur -1 punkti.
- Sá sem **hlýddi ekki fyrirætlum, truflar í tíma** eða **vann illa í kennslustund** missir -0,5 punkt.
- Fyrir **brottvísun** úr kennslustund tapast -4 punktar.
- Á mánudögum athuga umsjónarkennarar heimalestur síðustu viku. Miðað er við heimalestur fimm sinnum í viku, annars er **heimalestri ábótavant** og þá tapast -0,2 punktur. **Enginn heimalestur** nemanda veldur -1 punkti. Sé öðru heimanámi en heimalestri ekki sinnt fær nemandi skráninguna **ólærður** og tapar -0,5 punkti.

Vinnuferli vegna ófullnægjandi skólasóknar

-6 punktar
Umsjónarkennari talar við nemandann. Foreldrum/forráðamönnum kynnt málið símleiðis.
-12 punktar
Umsjónarkennari boðar til fundar með nemanda og foreldrum/forráðamönnum.
-30 punktar
Umsjónarkennari boðar til fundar með foreldrum/forráðamönnum og deildarstjóra.
Skrifleg yfirlýsing nemanda um bættu ástundun.
-40 punktar
Umsjónarkennari vísar málinu til nemendaverndarráðs.
Foreldrum/forráðamönnum tilkynnt að málið fari fyrir ráðið.

- Nemendur eiga á hættu að vera meinuð þátttaka í ferðum og félagsmálum á vegum skólans ef:
 - Punktar eru fleiri en 18.
 - Nemandi verði uppvís að alvarlegu agabroti.
 - Nemandi brýtur ítrekað skólareglur.
- Skólasóknareinkunn nemenda er skráð í einkunnabók og er þar með sýnileg ef nemendur fara í annan grunnskóla og þegar sótt er um í framhaldsskóla.

Vinnuferli vegna veikinda og leyfa

5 veikinda- og/eða leyfis dagar eða 30 kennslustundir
Ef nemandi er með fimm eða fleiri forfalladaga, án málefnalega skýringa, sendir umsjónarkennari upplýsingar um skólasókn til foreldra/forráðamanna og hefur í kjölfarið samband við þá.
10 veikinda- og/eða leyfis dagar eða 60 kennslustundir
Ef nemandi er með tíu eða fleiri forfalladaga, án málefnalega skýringa, sendir umsjónarkennari upplýsingar um skólasókn til foreldra/forráðamanna og ræðir aftur við þá. Umsjónarkennari tilkynnir skólastjórnendum um málið.
15 veikinda- og/eða leyfis dagar eða 90 kennslustundir
Ef nemandi er með 15 eða fleiri forfalladaga, án málefnalega skýringa, boðar umsjónarkennari foreldra/forráðamenn til fundar ásamt skólastjórnanda og námsráðgjafa. Skólahjúkrunarfræðingi gert viðvart eftir þörfum.
20 veikinda- og/eða leyfis dagar eða 120 kennslustundir
Ef nemandi er með 20 eða fleiri forfalladaga, án málefnalega skýringa, er málið tekið upp í nemendaverndarráði og vísað til fræðslu- og velferðarsviðs Hveragerðis.
30 veikinda- og/eða leyfis dagar eða 180 kennslustundir
Ef nemandi er með 30 eða fleiri forfalladaga, án málefnalega skýringa, boðar skólastjórnandi foreldra/forráðamenn til fundar ásamt umsjónarkennara og fulltrúa frá fræðslu- og velferðarsviði Hveragerðis.

- Til málefnalega skýringa teljast t.d. læknisvottorð og undirrituð umsókn um leyfi frá skóla sem fæst hjá ritara skólans.
- Sé nemandi ítrekað frá skóla vegna veikinda, þó um skamman tíma sé að ræða hverju sinni, getur skólinn einnig farið fram á læknisvottorð.